4. Frumvarp

til laga um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi 1932).

1. gr.

Til viðhalds og umbóta akvegum skal greiða sérstakt innflutningsgjald og skatt af bifreiðum, sem hér segir:

a. Af benzíni 4 aura innflutningsgjald af hverjum litra.
b. Af hjólabörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar 1 — eina — krónu i innflutningsgjald af hverju kg.
c. Af bifreiðum, sem aðallega eru gerðar til fólksflutninga:
   1. Af leigubifreiðum til mannflutninga, 6 — sex — krònur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.
   2. Af einkabifreiðum, 12 — tólf — krónur í þungaskatt árlega af hverjum fullum 100 kg. af þunga þeirra.

   Verði ágreiningur um gerð bifreiðar, sker fjármálaráðherra úr.
d. Af tvihjóla bifreiðum 20 — tuttugu — krónur árlega af hverri bifreið.

2. gr.

Undanþegnar skatti samkvæmt 1. gr. c. og d. lið eru bifreiðar erlendra sendisveita og erlendra ræðismanna, ef þeir eru eigi íslenzkir ríkisborgarar. Ennfremur eru undanþegnir þessum skatti vagnar, sem renna á spori eða eru notaðir eingöngu af slökkviliði eða til sjúkraflutninga, eða til aksturs á snjó.

3. gr.

Fjármálaráðherra setur með reglugerð nánari ákvæði um skilgreiningu á benzíni, um hvernig skuli reikna gjaldið af benzíni, svo og önnur atriði, er þurfa þykir vegna innheimtu innflutningsgjalds og skatts samkv. 1. gr.

Heimilt er að setja í slíka reglugerð ákvæði um gjaldfrest á innflutningsgjaldi af benzíni, er miðast við sölu af birgðum innflytjanda.

Sama innflutningsgjald, sem segir í 1. gr. b-lið, skal greiða af hjólabörðum og gúmmíslöngum, sem fylgja bifreiðum, er fluttar eru til landsins.

4. gr.

Eindagi gjalds þess, er ræðir um í 1. gr. c- og d-lið er 1. júlí ár hvert i fyrsta skifti 1932, og innheimtist þar, sem bifreið eða bifhjól er skrásett. Gjaldskylda telst frá afhendingu bifreiðarmerkis, ef um ný skrásetta bifreið er að ræða, en ella frá 1. júlí 1931, og reiknast skatturinn hlutfallslega fyrir hluta úr ári, hvort sem svo stendur á, að merki hefir verið afhent á gjaldárinu eða gjaldskyld bifreið hefir ónýtzt. Skatturinn telst aðeins fyrir heila mánuði, þannig, að 15 dagar eða meira telst heill mánuður, en minna broti er sleppt.

Skattinn skal sá greiða, sem er eigandi á gjalddaga eða síðast var eigandi, ef bifreið er ónýtt.

Skatturinn hefir lögtaksrétt, enda er bifreiðin að veði fyrir honum, og gengur það veð fyrir öðrum veðum.

Heimilt er að setja í reglugerð ákvæði um lækkun skattsins, ef eigandi bifreiðar afhendir lögreglustjóra í því umdæmi, þar sem bifreiðin er skrásett, einkennismerki bifreiðarinnar til geymslu um tíma, en sleppa skal broti úr mánuði við frádrátt skattsins.

5. gr.

Sama gjald af benzíni er segir í 1. gr. a., skal greiða af öllum benzinbirgðum innflytjenda, sem til eru í landinu þá er lög þessi ganga í gildi, sömuleiðis af birgðum einstakra manna eða félaga, þó skulu gjaldfrjálsir 300 l. hjá hverjum eiganda.

Gjaldið skal greiða hvort heldur benzínið er í vörzlum eiganda sjálfs eða ekki.

Sérhver sá, er á eða hefir umráð yfir 300 l. af benzíni eða meira þann dag, er lög þessi ganga í gildi skal skyldur að tilkynna það innheimtumanni innan 10 daga. Skal hann skyldur að aðstoða við að kanna birgðir hans og mæla, ef til kemur.

Sama gjald af hjólabörðum og gúmmíslöngum á bifreiðar og segir í 1. gr. b. skal og greiða af öllum birgðum innflytjenda og heildverzlana, sem til eru í landinu, þá er lög þessi ganga í gildi.

Innheimtumaður getur krafizt upplýsinga hjá benzíninnflytjendum og benzínsölum um sölu samkvæmt verzlunarbókum til viðskiptamanna áður en lög þessi ganga í gildi.

6. gr.

Innheimtu gjaldsins annast lögreglustjórar, en í Reykjavík tollstjóri, og fer um reikningsskil eftir því, sem ráðuneytið skipar fyrir.

7. gr.

Fjármálaráðherra getur með reglugerð sett ákvæði um endurgjald á innflutningsgjaldi af benzíni, er sönnur eru færðar á, að það hafi ekki verið notað eða verði ekki notað til bifreiða. Má í reglugerðinni setja ákvæði, er takmarki endurgreiðslu við ársnotkun, er nemi að minnsta kosti 750 l. hjá hverjum notanda, svo og aðrar takmarkanir, er nauðsynlegar þykja til að tryggja, að heimildin til endurgreiðslu gjaldsins nái réttum tilgangi.

8. gr.

Tekjum samkvæmt lögum þessum skal varið sem hér segir:

a. 70% af hvers árs tekjum skal varið til viðhalds og umbóta akfærum þjóðvegum. Um skipting fjárins til einstakra vega og vegakafla fer eftir sömu reglum og um annað fé til viðhalds þjóðvegum.

b. 10% af hvers árs tekjum má verja til akfærra sýsluvega, samkvæmt reglugerð, er atvinnumálaráðherra setur. Skiptir atvinnumálaráðuneytið þessum hluta milli einstakra sýslna eftir tillögum vegamálastjóra. Skal þess gætt, að lagt verði fé eingöngu til þeirra sýsluvega, þar sem er tiltölulega mikil umferð bifreiða og örðug aðstaða til fullnægjandi viðhalds, enda sé skilyrði fyrir framlagi í hvert sinn, að jafnt komi á móti úr sýslusjóði eða sýsluvegasjóði.

Verði þessi hluti skattsins ekki notaður upp eitt ár, má verja eftirstöðvunum til viðhalds þjóðvegum til viðbótar a-lið.

c. 20% af hvers árs tekjum skal verja til þess að greiða aukakostanað, er af því stafar, að malbika þjóðvegakafla eða gera slitlag úr öðru varanlegu efni, þar sem mest er umferð bifreiða og til að halda þeim köflum við. Verði þessi hluti skattsins ekki notaður upp eitt ár, skal leggja eftirstöðvarnar í sérstakan sjóð, er nefnist „Sjóður til malbikunar akvegum", og má ekki verja fé úr sjóðnum til annara vegabóta.

Sjóður þessi skal vera í vörzlum atvinnumálaráðuneytisins, en vegamálastjóri skal árlega gera reikning sjóðsins.

Um skipting tekna samkvæmt framangreindu, fer eftir reglum, er fjármálaráðuneytið setur.

9. gr.

Brot gegn lögum þessum og gegn reglugerðum þeim, er samkvæmt þeim verða settar, varða sektum frá 10—500 kr., nema þyngri refsing liggi við eftir öðrum lögum.

Mál út af broti gegn lögum þessum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, sæta sömu meðferð og almenn lögreglumál.

10. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 56, 27. júní 1921 um bifreiðaskatt.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er nær samhljóða frv. er lagt var fyrir vetrarþingið 1931 sem stjórnarfrumvarp. Vísast til greinargerðar fyrir því frv.

Þessar eru helztu breytingar, er gerðar hafa verið á frv.:

Um 1. gr.

Innflutningsgjald af benzíni er nú miðað við litra í stað kg. og sett 4 aur. á l. í stað 6 aur. á kg. sem svarar til 4,2 aur. Er því gjaldið lækkað um sem næst 5%.

Þungaskattur af einkabifreiðum er hækkaður um helming, með því að rétt þykir, að notendur þeirra taki einnig þátt í þeirri heildarhækkun á bifreiðaskattinum, sem frv. gerir ráð fyrir. Samkvæmt talningu bifreiða frá 1. júlí 1931 voru fólksbifreiðar samtals 609. Er talið líklegt, að af þeim séu um 150 leigubifreiðar til mannflutninga, en hinar eru einkabifreiðar. Þessar einkabifreiðar eru flestar 4-manna og mun skattur af hverri bifreið vera nú að meðaltali 160—200 kr.

Með þessum þungaskatti má áætla, að hann nemi að jafnaði kr. 144.00 af einkabifreiðum, hér við bætist svo innflutningsgjaldið, sem fer eftir því, hve mikið bifreiðin er notuð, en verður nálægt 15 kr. fyrir hverja 1000 km., sem bifreiðinni er ekið. Verður því um nokkra hækkun að ræða frá því sem nú er, því meðalakstur einkabifreiða má líklega áætla 6—10 þús. km.

Um 5. gr.

Rétt þykir að gjald verði einnig greitt af birgðum af bilagúmmí, sem fyrir eru í landinu þegar lög þessi öðlast gildi, og er bætt við málsgrein þess efnis.

Um 8. gr.

Rétt þykir að halda þeirri skiptingu skattsins milli vegaflokka, sem tekin var upp í fyrra stjfrv. Skattgreiðendur eiga réttlætiskröfu til þess, að skattinum verði sérstaklega varið til þess að viðhalda þeim vegum, þar sem umferð bifreiða er mikil og þá einnig til þess að umbæta svo slitlag þjóðvega þar sem almest er umferðin, með malbikun eða öðru varanlegu efni, svo að vegurinn fullnægi þessari umferð eftir því, sem fært þykir hér á landi kostnaðar vegna.

Þykir því ekki rétt að ætla sýsluvegum meira en 10% af skattinum. Má gera ráð fyrir, að sú upphæð verði í byrjun minnst 30 þús. kr. og er það allríflegur styrkur til viðhalds þeim sýsluvegum, þar sem veruleg bifreiðaumferð er. Ekki sízt með tilliti til þess, að með lögum frá 1930 voru rúmir 300 km. úr tölu sýsluvega teknir í tölu þjóðvega.

Innflutningur á benzíni hefir aukizt til muna á síðustu 2 árum og mun benzíneyðsla hafa orðið full 4000 t. (tæplega 6 millj. l.) árið 1931. Ekki verður þó talið rétt að lækka innflutningsgjaldið úr 4 aur á l., því að hvorttveggja er að með auknum innflutningi eykst jafnframt bifreiðaumferðin og slit veganna og eins mun, eins og nú eru horfur, mega búast við nokkrum afturkipp í bílanotkun, sem og þegar er farið að koma fram.

Í Danmörku hefir verið benzínskattur 7 aur. á l., en var hækkaður í okt. síðastliðnum um 2 aura fyrst um sinn, þó aðeins til 31. okt. 1932, og nú liggur fyrir danska þinginu stjfrv. um að hækka enn skattinn um 1 eyri í sambandi við fyrirhugaðar tvær óvenjukostnaðarsamar brúagerðir. Verður skatturinn þá orðinn 10 aur. á litra. En í þessu frv. er skatturinn ákveðinn aðeins 4 aur. á litra. Hér við má að vissu leyti bæta gengismun á ísl. og d. kr. Í öðrum löndum hefir og heyrst, að benzínskattur hafi verið hækkaður nokkuð á síðastliðnu hausti vegna kreppunnar.